

AÐALFUNDUR EININGAR-ÍÐJU

21. mars 2019



Aðalfundur Einingar-Iðju


Menningarhúsið HOF, Akureyri

21. mars 2019 kl. 19:30

Dagskrá

1. Fundarsetning/fundarstjóri.
2. Látinna félaga minnst.
3. Skýrsla stjórnar.
4. Reikningar félagsins.
5. Lýst kjöri stjórnar, trúnaðarráðs og skoðunarmanna.
6. Kosning löggilts endurskoðanda.
7. Veiting gullmerkis félagsins.
8. Kaffihlé.
9. Lagabreytingar og breytingar á reglugerðum sjóða og deilda.
10. Kosnir tveir fulltrúar í kjörstjórn og tveir til vara.
11. Kosið í fastanefndir félagsins og stjórnir.
12. Kosning 41 fulltrúa á aðalfund Stapa lífeyrissjóðs.
13. Ákvörðun um stjórnarlaun aðalstjórnar.
14. Önnur mál.

874 launagreiðendur greiddu iðgjöld af starfsmönnum sínum til félagsins árið 2018 - - 25 stærstu launagreiðendur á árinu 2018 -



Eining-Iðja - Ársreikningur 2018

Efnisyfirlit	bls.
Ársskýrsla.....	2
Skýrsla stjórnar.....	3
Áritun óháðs endurskoðanda.....	13
Áritun skoðunarmanna.....	15
Yfirlit um rekstrarafkomu félagsins.....	16
Yfirlit um efnahag félagsins.....	17
Rekstrarreikningur félagssjóðs.....	18
Efnahagsreikningur félagssjóðs.....	19
Efnahagsreikningur félagssjóðs.....	20
Rekstrarreikningur sjúkrasjóðs.....	21
Efnahagsreikningur sjúkrasjóðs.....	22
Rekstrarreikningur orlofssjóðs.....	23
Efnahagsreikningur orlofssjóðs.....	24
Rekstrarreikningur vinnudeilusjóðs.....	25
Efnahagsreikningur vinnudeilusjóðs.....	25
Rekstrarreikningur fræðslusjóðs.....	26
Efnahagsreikningur fræðslusjóðs.....	27
Rekstrarreikningur byggingarsjóðs.....	28
Efnahagsreikningur byggingarsjóðs.....	29
Rekstrarreikningur hússjóðs Dalvíkur.....	30
Efnahagsreikningur hússjóðs Dalvíkur.....	31
Rekstrarreikningur hússjóðs Siglufjarðar.....	32
Efnahagsreikningur hússjóðs Siglufjarðar.....	33
Rekstrarreikningur skrifstofu Einingar-Iðju.....	34
Samandreginn rekstrarreikningur.....	35
Samandreginn efnahagsreikningur.....	36
Sjóðstreymi.....	37
Skýringar og sundurliðandir.....	38
Dagskrárliður 5 – Stjórn, skoðunarmenn og trúnaðarráð.....	44
Dagskrárliður 6 - Löggiltur endurskoðandi félagsins.....	45
Dagskrárliður 9 – Breytingar lögum og á reglugerðum sjóða og deilda	45
Dagskrárliður 10 – Kjörstjórn.....	45
Dagskrárliður 11 - Fastanefndir félagsins og stjórnir.....	45
Dagskrárliður 12 - Fulltrúar á ársfund Stapa lífeyrissjóðs.....	46
Dagskrárliður 13 – Stjórnarlausn.....	46

Ársskýrsla

Stéttarfélagið Eining-löjla var stofnað þann 15. maí 1999. Félagið var stofnað við sameiningu Verkalýðsfélags Einingar og löjla félags verksmiðjufólks. Á árinu 2008 sameinaðist almenna deild Vöku á Siglufirði Einingu-löjlu. Fullgildir félagsmenn í árslok 2018 voru 8.246.

Starfsemin á árinu

Starfsemin á árinu var með svipuðu sniði og árið áður. Félagið rekur skrifstofur á Akureyri, Dalvík og Siglufirði.

Heildartekjur	546.437.794
Heildargjöld	(545.853.829)
Tekjuafgangur	583.965


Laun formanns félagsins námu á árinu 2018 kr. 11.817.984 og laun stjórnar kr. 3.894.600.

Staðfesting ársreikningsins

Stjórn Einingar-löjlu staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2018 með áritun sinni.

Akureyri, 11. mars 2019.

Stjórn



Margrjet H. Marín

S. Auður Þorðars

Guðbjörg Andrésdóttir

Róbert Þorsteinsson

Guðrún J. Þorbjarnard.

Sigríður K. Björnsdóttir

Sigur-Þáll Gunnarsson

Anna Júlíusdóttir

Tryggvi J. Þorsteinsson

Macgrét Jónsdóttir

Inna M. Magnússon

INKVAR KRISTJANSSON



Skýrsla stjórnar

Aðalskrifstofa félagsins er á Akureyri, en einnig eru skrifstofur á Dalvík og í Fjallabyggð.

Starfsmenn félagsins eru:

- Aðalbjörg G. Hauksdóttir, afgreiðslu- og þjónustufulltrúi.
- Anna Júlíusdóttir, varaformaður.
- Ásgrímur Örn Hallgrímsson, upplýsingafulltrúi.
- Björn Snæbjörnsson, formaður.
- Eyrún Halla Eyjólfsdóttir, þjónustufulltrúi.
- Hafdís E. Ásbjarnardóttir, lögfræðingur og þjónustufulltrúi
- Helga Níelsdóttir, þjónustufulltrúi á Dalvík.
- Íris Björk Árnadóttir, ræstitæknir.
- Margrét Einarsdóttir, innheimtustjóri.
- Margrét Jónsdóttir, þjónustufulltrúi í Fjallabyggð.
- Sigrún Lárusdóttir, skrifstofustjóri.
- Vilhelm Adolfsson, verkefnastjóri vinnustaðaeftirlits.
- Elsa Sigmundsdóttir, verkefnastjóri og ráðgjafi hjá VIRK
- Helga Þyri Bragadóttir, ráðgjafi hjá VIRK
- Nicole Kristjánsson, ráðgjafi hjá VIRK
- Svana Rún Símonardóttir, ráðgjafi hjá VIRK

Elsa, Helga, Nicole og Svana eru starfsmenn Einingar-Iðju, en starfa fyrir öll stéttarfélag á svæðinu. Þær eru með aðsetur á skrifstofu félagsins á 2. hæð í Alþýðuhúsinu á Akureyri. Svana er með fasta viðveru á skrifstofunni í Fjallabyggð á miðvikudögum og Nicole er með fasta viðveru á skrifstofunni á Dalvík á þriðjudögum.

Vilhelm Adolfsson er verkefnastjóri vinnustaðaeftirlits fyrir Eyjafjarðarsvæðið og Norðurland vestra. Hann er starfsmaður félagsins og með aðsetur á skrifstofunni á Akureyri, en starfar fyrir 13 stéttarfélag sem eru starfandi á þessu svæði.

Almenn starfssemi og þjónusta

Starfsmenntastyrkir	1.000
Styrkir úr sjúkrasjóði	2.234
Orlofshús og styrkir	1.323
Orlofsferðir og leiksýningar	192
Samtals	4.749

Árið 2017 voru sambærilegar tölur 4.559

Lykiltölur

<i>Tekjur</i>	2018	2017
Félagsgjöld / iðgjöld	198.731.685	186.234.152
Sjúkrasjóðsgjöld	163.168.269	153.506.460
Orlofssjóðsgjöld	78.264.374	73.459.767
Húsaleiga	39.663.173	33.410.666
Aðrar tekjur	58.645.095	54.372.923
Samtals tekjur	538.472.596	500.983.968
<i>Gjöld</i>		
Styrkir til félagsmanna	177.215.910	140.271.063
Rekstur og viðhald fasteigna	70.571.360	64.307.478
Rekstrarkostnaður og afskriftir	296.921.877	264.653.149
Samtals gjöld	544.709.147	469.231.690
<i>Fjármagnsliðir</i>	6.820.516	8.454.797
<i>Hreinar tekjur til ráðstöfunar</i>	583.965	132.690.657

Svæðisfulltrúar

Svæðisfulltrúar félagsins eru núna þrír. Guðrún Þorbjarnardóttir, Svæðisráð Hríseyjar og Dalvíkurbyggðar, Margrét Jónsdóttir, Svæðisráð Fjallabyggðar, og Róbert Þorsteinsson, Svæðisráð Grýtubakkahrepps.

Varamenn eru: Sigríður Jósepsdóttir, Hrísey og Dalvíkurbyggð, Þorvaldur Hreinsson Fjallabyggð og Þorsteinn Þormóðsson, Grýtubakkahreppi. Þorvaldur tók við í janúar af Sigrúnu Agnarsdóttur sem bauð sig ekki fram á ný og þakkar félagið henni góð störf í þágu félagsins.

Svæðisfulltrúar sitja í aðalstjórn félagsins fyrir hönd síns svæðis og eru varamenn þeirra sjálfkjörnir í trúnaðarráð.

Stjórn félagsins 2018-2019

Eins og segir hér að framan sátu svæðisfulltrúarnir þrír í stjórninni, þau Guðrún, Margrét og Róbert. Auk þeirra sátu í stjórninni Björn Snæbjörnsson formaður,

Anna Júlíusdóttir varaformaður og Margrét H. Marvinsdóttir ritari stjórnar. Þrír formenn deilda og þrír varaformenn sátu einnig í stjórninni; Ingvar Kristjánsson og Svavar Magnússon frá Iðnaðar- og tækjadeild, Sigríður K. Bjarkadóttir og Elísabet Skarphéðinsdóttir frá Opinberu deild og Tryggvi Jóhannsson og Stefán Aðalsteinsson frá Matvæla- og þjónustudeild.

Tvær breytingar urðu á tímabilinu, Elísabet lét af embætti varaformanns Opinberu deildarinnar í febrúar og Stefán hætti sem varaformaður Matvæla- og þjónustudeildarinnar í mars. Í stað þeirra komu í stjórnina nýir varaformenn deildanna, þær Guðbjörg Helga Andrésdóttir frá Opinberu deildinni og Sólveig Auður Þorsteinsdóttir frá Matvæla- og þjónustudeild.

Atvinnuleysisbætur

Í lok árs 2018 voru 169 félagsmenn á atvinnuleysisráði, þ.e.a.s. þeir sem létu draga af sér félagsgjöld af atvinnuleysisbótunum. Því miður er alltaf eitthvað um að fólk láti ekki draga af sér slík gjöld og tapi þar með réttindum. Þetta er fækkun um einn frá árinu á undan.

Félagsgjald

Tekið er 1% félagsgjald af öllum launum. Ekki er innheimt lágmarksgjald.

Félagavefur

Vert er að minna á félagavefinn þó fjölmargir noti hann. T.d. til að nálgast ýmsar upplýsingar um stöðu sína hjá félaginu á einfaldan hátt, athuga með orlofshús og sækja um þau. Það eina sem þarf að gera

er að fara inn á heimasíðuna okkar og smella þar á hnappinn **félagavefur**. Hægt er að skrá sig inn með rafrænum skilríkjum í síma, en einnig er hægt að fá sendan veflykil á lögheimili sitt.

Launagreiðendavefur

Félagið er með launagreiðendavef sem býður upp á einföldun við iðgjaldaskil og þægilegt aðgengi að upplýsingum um eldri færslur.

Í skilgreinakerfinu eru t.d. villuprófanir sem einfalda útfyllingu og ættu að tryggja enn öruggari skil en áður en hann var tekinn í gagnið. Í yfirliti fást síðan ítarlegar upplýsingar um eldri skilgreinar og greiðslustöðu.

Viðvera á stöðunum

Í haust var ákveðið að starfsmenn félagsins á kjarasviði, Björn formaður, Anna varaformaður, Eyrún þjónustufulltrúi eða Hafdís lögfræðingur og þjónustufulltrúi, yrðu með fasta viðveru og til viðtals á skrifstofum félagsins á Dalvík og Fjallabyggð og einnig í Hrísey og Grenivík í vetur.

Ákveðið var að vera mánaðarlega á Dalvík og í Fjallabyggð en á þriggja mánaða fresti á hinum stöðunum. Þetta er ákveðið tilraunaverkefni og verður reynsla þess skoðuð í vor og þá tekin ákvörðun um framhaldið.

Helstu styrkir úr félagssjóði

Jólaaðstoðin	900.000
Iðnaðarsafnið á Akureyri	200.000

Félagatal

	Aðalfélagar	Svæðisráð	Starfsgreinadeildir					
			2018	2017	2016	2015	2014	
	8.246	1.510	Opinbera deildin	1.545	1.537	1.408	1.402	1.422
	7.789	1.502	Matvæla- og þjónustu.	2.219	2.288	2.006	1.956	2.016
	7.393	1.444	Iðnaðar- og tækjadeild	1.002	971	904	809	829
	7.395	1.434						
	7.312	1.468						


Eining-Iðja er á Facebook. Allar fréttir sem birtast á heimasíðu félagsins, www.ein.is, birtast jafnframt þar ásamt öðru sem tilheyrir starfinu. Þeir sem vilja fylgjast með er bent á að „líka“ nýju síðuna.

Vinsamlegast athugið að ekki er fylgst með síðunni allan sólarhringinn, en reynt er að bregðast við athugasemdum eins fljótt og hægt er.

Þeir sem vilja hafa samband við félagið er bent á að hringja í 460 3600, eða senda póst á ein@ein.is



	2018			2017		
	Fjöldi		Upphæð	Fjöldi		Upphæð
Fjárveitingar úr sjúkrasjóði	félaga	styrkja		félaga	styrkja	
Dagpeningar	208	525	126.766.793	189	480	97.515.070
Útfararstyrkir.....	22	22	5.530.000	12	12	3.760.000
<i>Bætur samtals</i>	<i>230</i>	<i>547</i>	<i>132.296.793</i>	<i>201</i>	<i>494</i>	<i>101.275.070</i>
Styrkir til félagsmanna						
Sjúkraþjálfun, sjúkranuð og sálfræðiviðtöl.....	569	944	11.082.928	565	977	11.758.744
Krabbameinsskoðun.....	286	300	1.431.278	323	330	1.572.399
Líkamsrækt	877	1.021	13.791.606	804	938	11.354.834
Aðrir styrkir (gleraugu, heyrnartæki o.fl.)	272	284	4.912.018	282	302	4.693.042
<i>Styrkir til sjóðsfélaga samtals</i>	<i>2.004</i>	<i>2.549</i>	<i>31.217.830</i>	<i>1.974</i>	<i>2.547</i>	<i>29.379.019</i>
Bætur og styrkir til félagsmanna úr sjúkrasjóði	2.234	3.096	163.514.623	2.175	3.039	130.654.089



Námskeið

Aðalbjörg G. Hauksdóttir veitir allar upplýsingar og er tengiliður við starfsmenntasjóðina þrjá sem félagið er aðili að, Landsmennt, Ríkismennt og Sveitamennt. Hún hefur einnig umsjón með félagslegri fræðslu, en Anna Júlíusdóttir sér um starfs- og tólmstundanámskeið félagsins. Ef félagsmenn fá hugmynd af einhverskonar námskeiði heyrið þá í Önnu.

Á starfsárinu er búið að halda nokkur trúnaðarmannanámskeið í samvinnu við önnur stéttarfélag í Alþýðuhúsinu. Mjög góð þátttaka var á þessum námskeiðum og eins og alltaf er gott að fá nemendur frá fleiru en einu félagi á námskeiðin því þá koma fram sjónarmið frá ólíkum starfsgreinum.


Í lok apríl hélt félagið námskeið, í samvinnu við SÍMEY, fyrir félagsmenn sem eru að nálgast eftirlaunaaldur með það að markmiði að fræða viðkomandi um rétt sinn og að leiðbeina við starfslok. Námskeiðið stóð yfir í tvo daga, milli kl. 16:30 og 20:00 báða dagana. Frítt var á námskeiðið fyrir félagsmenn Einingar-Iðju, en tæplega 60 mættu á það. Fjölbreytt dagskrá var í boði og var mikil ánægja á meðal þátttakanda með hvernig til tókst.

Mjög góð mæting var á námskeið sem félagið hélt á Grenivík í október fyrir erlenda félagsmenn þar sem m.a. var farið yfir hvað eigi að koma fram á launaseðlinum og hvernig eigi að lesa út úr honum. Námskeiðið var túlkað yfir á pólsku. Leiðbeinendur voru formaður og varaformaður félagsins, Björn Snæbjörnsson og Anna Júlíusdóttir.

Í október og nóvember tóku 17 félagsmenn þátt í dyravardanámskeiði sem haldið var í samvinnu við Lögregluna á Norðurlandi eystra. Í nóvember var haldið í sal félagsins á Akureyri námskeiðið „Konur taka af skarið!“ sem AkureyrarAkademian, Jafnréttisstofa, SSGS og JCI Sproti standa fyrir. Verkefnið fékk styrk úr Jafnréttissjóði Íslands og er markmið þess að hvetja konur til þátttöku og áhrifa innan verkalyðshreyfingarinnar. Námskeiðið var fyrsta námskeiðið af sex sem haldi verð um allt land.

Í febrúar bauð Opinbera deildin upp á námskeið í núvitund og markþjálfun fyrir félagsmenn. Góð mæting var á námskeiðið, sem var ókeypis. Leiðbeinandi var Sigríður Ólafsdóttir, markþjálfari og ráðgjafi hjá Mögnum markþjálfun og ráðgjöf, en hún skoðaði og ræddi um núvitund, markþjálfun og velvild í eigin garð.

Félagsmönnum var boðið upp á fleiri námskeið en vegna ónógrar þátttöku þurfti að fella þau niður.



Starfsmenntasjóðir

Á síðasta ári fengu alls 1.000 félagsmenn, 592 konur og 408 karlar, einstaklingsstyrki úr sjóðunum. Þetta er fjölgun um 119 styrki frá árinu áður. Upphæðin sem þau fengu var um 11,3 milljónum krónum hærri en árið áður, eða kr. 44.104.670.

Hvaða námskeið eða nám er um að ræða?

Íslenska fyrir útlendinga.....	93
Tungumálanám.....	16
Framhaldsskóli.....	219
Háskólanám.....	277
Framhaldsfr. vottaðar námsl....	29
Tómstundanám.....	52
Starfstengt nám/námskeið.....	163
Almenn ökuréttindi.....	85
Sjálfstyrkingarnámskeið.....	47
Annað.....	20

Hverjir sóttu námskeiðin?

Almenni markaðurinn.....	704
Sveitarfélög.....	274
Ríkið.....	22

Aldursdreifing styrkþega

17-20 ára	195
21-30 ára	436
31-40 ára	153
41-50 ára	115
51-60 ára	66
61-70 ára	35



Útgáfa og kynningarmál

Eins og áður gaf félagið út þrjú blöð á síðasta ári; orlofsblað, sumarblað og jólablað. Félagsblöðin voru borin út á öll heimili og fyrirtæki á félagssvæðinu, í um 12.000 eintökum.

Heimasíða félagsins var eins og áður vel virk og vel sótt af félagsmönnum og öðrum. Ný heimasíða er við það að detta í loftið, en „arkmiðið með henni er að útbúa vef sem þjónar félagsmönnum sem best. T.d. með því að leggja áherslu á að ásýnd nýja vefsins væri nútímaleg og snjalltækjavæn. Tekið var til í leiðakerfinu þannig að vefurinn er nú auðskiljanlegri og notast við hugtök og yfirflokka sem leiða notandann áfram á enn þægilegri hátt en áður. Notast er við stóra valmynd sem gefur góða yfirsýn yfir innihald og er aukaefni og tengiliðir birtir þar sem við á til að auðvelda næstu skref. Fyrir utan auðveldari flokkun og þægilegri vef að vafra þá er nú auðveldara að hafa samband, augljóst hver tengiliður er varðandi ákveðin atriðið og einnig var leitarvélin endurbætt.

Á starfsárinu gaf félagið út bæklinginn „Veistu hvað við getum gert fyrir þig?“ á sjö tungumálum, íslensku, dönsku, ensku, pólsku, rússnesku, spænsku og þýsku. Bæklingana má fá á skrifstofum félagsins en einnig má finna þá á heimasíðu félagsins.

Í þessum bækling er m.a. fjallað á stuttan hátt um sjúkrasjóðinn, orlofsjóðinn og fræðslusjóðinn. Svareð er spurningunni „Af hverju stéttarfélag?“ Fjallað er um trúnaðarmenn og til hvers þeir eru.

Útskýrt hvað kjarasamningur er og sagt frá hverjir helstu kjarasamningar félagsins eru. Þá er sagt frá hvað félagsgjaldið færir viðkomandi og útskýrt er félagafrelsi, en launamönnum er frjálst að standa utan stéttarfélaga, þ.e. að gerast ekki fullgildir félagsmenn. Þá eru þeir aukafélagar þar sem vinnuveitendum ber að greiða af öllum starfsmönnum sem vinna eftir kjarasamningnum félagsins.

Frá árinu 1998 hefur Eining-Iðja verið með fræðslu í öllum tíundabekkjum á félagssvæðinu. Einnig hefur félagið stundum verið með fræðslu í MA og í VMA.



Í byrjun febrúar var Starfamessa grunnskólanna á Akureyri haldin í þriðja sinn. Yfir 30 fyrirtæki og félög komu saman í Háskólanum á Akureyri og kynntu hin ýmsu störf fyrir nemendum í 9. og 10. bekk, þar á meðal voru nokkrir starfsmenn frá Einingu-Iðju og VIRK. Alls voru rúmlega 700 nemendur sem fengu fróðlegar og skemmtilegar kynningar.

Leikhús

Á hverju ári eru félagsmönnum sem eru lífeyrisþegar og mökum þeirra boðið í leikhús. Fyrir í mars fóru 90 félagsmenn og sáu leikritið Brúðkaup sem Leikdeild Ungmennafélagsins Eflingar í Reykjadal sýnir í Breiðamýri. Á sýningunni var boðið upp á kaffi og meðlæti sem Kvenfélag Reykdæla sá um.

Orlofsmál

Árið 2018 var að venju boðið upp á þrjár ferðir fyrir félagsmenn. Ekki var næg aðsókn í fjallaferðina og þurfti því að fella hana niður.

52 félagsmenn og makar fóru í mjög góða ferð til Austurríkis dagana 9. til 16. ágúst.

Ekki náðist lágmarksfjöldi í fyrirhugaða fjallaferð og því var hún blásin af.

Um 50 fóru í árlega dagsferð fyrir eldri félagsmenn og maka þeirra sem var farin 21. júní 2018. Farin var hringferð um Tröllaskaga. Í Ólafsfirði var tekið stutt „sjoppustopp“ en svo var ekið til Siglufjarðar þar sem Síldarminjasafnið var skoðað. Að því loknu var snæddur mjög góður hádegisverður á Sigló hóteli. Áfram var haldið og var næst stoppað á Hofsósi þar sem Vesturfarasetrið var heimsótt. Á leiðinni þangað kom smá bleyta að ofan en þurrt var er komið var á Hofsós, þó var óþarflega mikill hraði á logninu. Hólar var næst á dagskrá þar sem Hóladómkirkja var skoðuð. Þar tók Gylfi Jónsson staðarhaldari á mótí hópnum og stiklaði á stóru um sögu jarðarinnar og kirkjunnar. Ekið var í gegnum Sauðárkrók og í Varmahlíð þar sem drukkið var síðdegiskaffi á Hótel Varmahlíð en að því loknu var ekið heim til Akureyrar á ný.



Leiðsögumaður dagsins, Bragi Guðmundsson, var alveg frábær en hann var uppfullur af margvíslegum og skemmtilegum fróðleik um það sem fyrir augu bar á leiðinni. Ársæll bílstjóri fékk líka gott lófaklapp í lok ferðar. Frábær dagur með enn betra fólki.

„Orlof að eigin vali“

Á árinu 2018 voru í boði 300 styrkir sem nefnast „Orlof að eigin vali.“ Hver styrkur var að upphæð kr. 24.000 og voru þeir vel nýttir af félagsmönnum.

Orlofshús og orlofsíbúðir

Átján orlofshús og sjö orlofsíbúðir eru í eigu félagsins. Ein íbúð er á Egilsstöðum en hinar sex eru á Höfuðborgarsvæðinu. Félagið leigði líka íbúð í

borginni en hætti því fyrir á árinu og keypti í febrúar félagið eina íbúð í viðbót sem notuð verður sem sjúkraíbúð og verður því með þrjár slíkar íbúðir í notkun í Reykjavík.

Félagsmönnum var í fyrsta sinn boðið upp á íbúð á Spáni síðsta sumar og verður hún einnig í boði næsta sumar. Um er að ræða efri sérhæð í glænýjum íbúðarkjarna í Lomas de Cabo Roig hverfinu sem er í um 30 mín. fjarlægð frá Alicante, á svæði sem heitir Casa Tarife. Alls sóttu 35 félagsmenn um leigurnar níu sem í boði voru í fyrsta, en hver leiga er tvær vikur og því var um að ræða 18 vikur í heildina.

Þrif og umsjón

Fyrirtækið Sólar ehf. hefur umsjón á íbúðum félagsins á höfuðborgarsvæðinu. Leigjandi þarf ekki að þrifa íbúðina eftir leigutíma. Auðvitað þarf að skila henni full frágenginni og snyrtilegri.



Félagsmenn þurfa sjálfir að þrifa íbúð á Egilsstöðum og orlofshús félagsins áður en þeim er skilað. Orlofshúsin eru sameign okkar allra og er nauðsynlegt að við sameinumst um að ganga um þau með því hugarfari. **Mikilvægt er að hafa það að leiðarljósi að skilja við þau eins og þið viljið koma að þeim.** Verði vanhöld á þrifum, að mati umsjónarmanns á viðkomandi svæði, má búast við að leigutaki þurfi að borga þrifagjald.

Allar upplýsingar um leiguna koma fram á samningi sem viðkomandi fær þegar hann leigir íbúð eða orlofshús hjá félaginu.

Sumarúthlutun

Einungis er hægt að sækja um orlofshús og orlofsstyrki vegna sumarúthlutunar á rafrænan hátt á félagavefnum.

Gæludýr eru stranglega bönnuð í öllum húsum félagsins því dæmi eru um að slæm ofnæmistilfelli hafi komið upp. Leigutaki þarf að borga kr. 25.000 sekt ef reglan er brotin.

Nýting orlofshúsa 2018

Auk húsa og íbúða sem eru í eigu félagsins var Eining-Iðja með orlofsbústaði víðsvegar um landið í skiptum fyrir orlofshús á Illugastöðum. Einnig tók félagið á leigu nokkur hús.

Nýting húsa í fyrsta má sjá í eftirfarandi töflum.

<i>Skipti- og leiguhús</i>	<i>Sumarvikur</i>
Spánn (1)	18
Bjarteyjarsandur (1) ...	9
Brekuskógur (2)	20
Einarsstaðir (2)	24
Garðshorn (1)	10
Klifabotn í Lóni (1)	7
Kötluholt (1)	10
Munaðarnes (1)	10
Úfljótsvatn (1)	9
Ölfusborgir (1)	11

<i>Hús í eigu félagsins</i>	<i>Vikur</i>	<i>Helgar</i>
Egilsstaðir (1)	13	9
Einarsstaðir (1)	14	6
Illugastaðir (6) (14 yfir veturinn) ...	87	302
Flókalundur í Vatnsfirði (1)	10	2
Höfuðborgarsvæðið (1) Leiguíbúð ..	17	84 (stubbaleigur)
Höfuðborgarsvæðið (6)	256	0
Svignaskarð (1)	17	27
Tjarnargerði (1)	18	33

Fundir hjá félaginu

Alltaf er mikið um fundi hjá félaginu, m.a. í aðalstjórn og hjá deildarstjórnnum, í trúnaðarráði og samninganefnd, vinnustaðafundir, fundir með einstökum hópum um tilfallandi mál og síðan eru starfsmenn og forystu-menn oft kallaðir til aðstoðar við lausn ýmissa mála á vinnustöðum. Mjög margir fundir voru haldnir vegna vinnu við kröfugerð félagsins.

Trúnaðarráð

Trúnaðarráð hélt tvo fundi. Á fyrri fundinum var gengið frá listum stjórnar og trúnaðarráðs á 43. þing ASÍ sem fram fór í október. Einnig var samþykkt samhljóða tillaga um skilafrest lista vegna þess.

Björn kynnti kröfugerð félagsins sem samþykkt var á fundi samninganefndar fyrir um daginn.

Á fundinn mætti Rannveig Gústafsdóttir, verkefnastjóri afmarkaðs rannsóknarverkefnis hjá SGS og meistaraneimi við Háskólann á Akureyri, og kynnti frumniðurstöður verkefnis SGS, „Konur af erlendum uppruna á íslenskum vinnumarkaði,“ sem fól í sér framkvæmd rýnihóparannsóknar með því markmiði að athuga hvort stéttarfélag geti aðstoðað eða stutt betur við erlendar konur á íslenskum vinnumarkaði. Jafnframt kynnti hún niðurstöður meistaraverkefnis síns: „Orsök, áhrif og afleiðingar brota á íslenskum vinnumarkaði: Hvað er til ráða.“

Á seinni fundinum var gengið frá lista stjórnar og trúnaðarráðs fyrir starfsárið 2019/2020 og skilafrest lista. Björn fór einnig yfir stöðuna varðandi kjarasamningaviðræður sem í gangi eru og fjallaði aðeins um réttindi félagsmanna hjá félaginu eftir að þau hverfa af vinnumarkaði vegna aldurs.

Samninganefnd

Búið er að halda átta fundi í samninganefnd félagsins á starfsárinu, þar af einn dagsfundur.

Á fyrsta fundi var farið yfir helstu samninga félagsins og farið yfir hvenær þeir falla úr gildi. Þá var unnið að undirbúningi vegna komandi kjarasamninga og verklag hennar skipulagt.

Á fundi tvö var farið yfir niðurstöður könnunar sem framkvæmd var á vinnustöðum vegna

kröfugerðar félagsins. Samþykkt var að veita SGS samningsumboð fyrir hönd félagsins vegna kjarasamninga á almenna markaðinum.

Þriðji fundur nefndarinnar var dagsfundur þar sem farið var yfir stöðuna í efnahagsmálunum, farið var nánar yfir niðurstöður könnunarinnar og unnið í hópavinnu varðandi almennar kröfur félagsins og einnig vegna einstakra hópa.

Á fjórða fundi var farið yfir niðurstöður fimm funda sem félagið hélt varðandi kröfur félagsins ásamt niðurstöðum dagsfundarins. Einnig var gengið frá fulltrúum félagsins inn í vinnuhópa SGS.

Á fimmta fundi var farið yfir kröfugerð SGS sem unnar voru á fundi samninganefndar SGS.

Á sjötta fundi nefndarinnar fór Björn yfir stöðuna sem uppi var í samningunum við SA og svo var unnið í hópavinnu. Einnig var kosið í aðgerðanefnd félagsins og skipað fjögurra manna ráð fyrir samning við ríkið og einnig vegna samnings við sveitarfélögin.

Á fundi sjö sagði Björn enn og aftur frá stöðunni sem uppi er vegna samningsins við SA. Samþykkt var að veita SGS samningsumboð fyrir hönd félagsins vegna kjarasamninga við ríkið og einnig við sveitarfélögin.

Á áttunda fundi var farið yfir stöðuna sem uppi er við SA og farið yfir tillögur af kröfum vegna samninga SGS við ríkið og við sveitarfélögin.

Uppstillinganefnd

Uppstillingarnefnd hélt tvo fundi og eins og undanfarin ár gekk mjög vel að fá fólk til að gegna störfum fyrir félagið.

Almennir félagsfundir

Á hverju ári eru haldnir nokkrir almennir félagsfundir á þéttbýlissvæðunum utan Akureyrar, engin breyting varð á því þetta árið.

Fjölmargir fundir vegna undirbúnings kjarasamninga eins og vinnu við kröfugerð og vegna kynningar á henni voru haldnir á starfsárinu.

Í lok janúar sl. voru haldnir fundir í svæðisráðum félagsins, þ.e. Grýtubakkahrepps, Fjallabyggðar og Hríseyjar og Dalvíkurbyggðar. Á fundunum, sem

túlkaðir voru yfir á pólsku, fór fram kosning á svæðisfulltrúum félagsins og varamönnum þeirra og einnig var farið yfir stöðuna í kjaramálum.

Búið er að halda fjölmarga vinnustaðafundi á árinu, þar sem átt hafa sér stað góðar umræður, en á slíkum fundum er gott að miðla upplýsingum til félag-smanna. Trúnaðarmenn hafa verið hvattir til að vera duglegir að halda slíka fundi með starfsmönnum félagsins. Fjölmargir aðrir fundir hafa verið haldnir, t.d. með trúnaðarmönnum. Margir aðrir fundir voru haldnir, t.d. fræðslufundir. Einnig mættu fulltrúar félagsins á ýmsa aðra fundi fyrir hönd þess.



Stjórnarfundir

Tíu fundir voru haldnir í stjórn félagsins þar sem fjölmörg mál voru tekin. Hér má sjá helstu mál sem tekin voru fyrir á stjórnarfundum, en vert er að benda á að stjórnarmenn fá afhent á hverjum fundi uppfært yfirlit yfir rekstur félagsins. Þannig veit stjórnin ávallt hvernig staðan er miðað við áætlun sem gerð er í upphafi hvers árs.

Á öllum fundum stjórnar er einnig lagður fram listi yfir nýja féлага sem gengið hafa í félagið frá síðasta stjórnarfundum.

Á fyrsta fundi stjórnar, sem haldinn var 9. apríl á Grenivík, var m.a. lögð fram skýrsla um endurskoðun Enor á reikningum Einingar-Iðju fyrir árið 2017. Einnig var lögð fram úttekt á greiðslum dagpeninga úr Sjúkrasjóði fyrir árið 2017 eftir fyrirtækjum og deildum. Farið var yfir fund í samninganefnd og lögð fram samantekt á því sem fram kom í hópavinnunni um hvað ætti að spyrja félagsmenn um í könnunni, jafnframt var lögð fram tillaga að spurningarlista sem unnin hafði verið út frá hugmyndum frá fundinum. Farið var yfir stöðuna í samningamálum við Becromal. Farið var yfir fundargerð Matvæla- og þjónustudeildar frá 26. mars. Rætt um fyrirhugaða framkvæmd við eitt húsa félagsins á Illugastöðum. Sagt var frá ráðstefnu fyrir bílstjóra og tækjamenn sem haldin verður í Reykjavík og ákveðið að senda sex félagsmenn á ráðstefnuna. Lögð var fram dagskrá fyrir starfsdaginn. Ákveðið að láta skoða lög félagsins og sjá hvað þarf að lagfæra í þeim. Lögð var fram dagskrá að starfslokánámskeiði fyrir félagsmenn 65 ára og eldri sem félagið heldur. Sagt var lítilega frá kvennaráðstefnunni „Tökum brúna!“ sem haldin var 5. og 6. apríl. Þrír félagsmenn sátu ráðstefnuna sem tókst mjög vel.

Á fundi 28. maí júní var m.a. sagt frá starfsdeginum sem búið var að halda og lagðar fram niðurstöður úr hópavinnu sem þar fór fram. Lögð voru fram, kynnt og samþykkt drög af persónuverndarstefnu félagsins. Kynntar voru niðurstöður könnunar sem gerð var á vinnustöðum. Farið var yfir stöðuna í samningamálum við Becromal. Sagt var að framkvæmdum við eitt af húsum félagsins á Illugatöðum væri lokið. Sagt var frá aðalfundum Orlofsbyggðanna á Illugastöðum, á Einarssstöðum, Svignaskarði og í Flókalundi. Samþykkt var að fara í uppfærslu á heimasíðu félagsins. Lagt var fram svar frá ASÍ þar sem engar athugasemdir eru gerðar við þær breytingar sem gerðar voru á reglugerð Sjúkrasjóðs félagsins á síðasta aðalfundi.

Á fundi 19. júní var m.a. sagt frá námskeiðinu Ungir leiðtogar sem ASÍ stóð fyrir en tveir félagsmenn fóru á það. Sagt var frá því að búið væri að skrifa undir nýjan samning við Becromal og að búið væri að samþykkja hann. Björn formaður sagði frá útvíkkendum formannafundi SGS sem hann og Anna varaformaður sóttu fyrir hönd félagsins. Lagðar voru fram fyrstu hugmyndir um lagabreytingar og breytingar á reglugerðum byggingasjóðs og starfsgreinaeilda. Stjórnin samþykkti að vinna þetta áfram. Farið var yfir tölur greiðanda félagsgjalda árið 2017 og stöðu á innheimtu félagsgjalda og þeirra mála sem eru hjá Mótus. Ákveðið að þýða upplýsingabækling á fleiri tungumál. Lagt var fram bréf þar sem boðað var til 5. þings ASÍ-UNG. Ákveðið að senda þrjá fulltrúa á þingið

Á fundi 27. ágúst var m.a. farið yfir tillögur að lagabreytingum hjá félaginu. Kynntar voru niðurstöður könnunar vegna kvenna af erlendum uppruna á íslenskum vinnumarkaði sem gerð var á svæðinu í samvinnu við SGS. Lögð var fyrir tilkynning frá ASÍ þar sem boðað var til þings sambandsins. Farið var yfir komandi samninga og verkefni næstu mánuði þeim tengdum. Sagt var frá og kynnt dagskrá á LÝSU sem var í Hofi í september. Félagið tók þátt í annað sinn ásamt ASÍ og öðrum félögum. Sagt var frá fundi sem átti að vera á Húsavík í september, en um var að ræða seinni fund í hringferð ASÍ um landið til að undirbúa 42. þing ASÍ. Kynnt var niðurstaða Félagsdóms frá 4. júlí sl. en þar var kveðinn upp dómur sem varðar félagsmann Einingar-Iðju. Um tímamótadóm er að ræða sem víst er að hafa mun mikið fordæmisgildi. Tekið var fyrir boð á fulltrúaráðsfund Alþýðusambands Norðurlands. Hverju félagi er heimilt að senda 3 atkvæðisbæra fulltrúa og var ákveðið að senda 3 fulltrúa á það.

Á fundi 8. október var bókuð ályktun vegna ákvörðunar stjórnar Icelandair um að þrýsta á 118 manns sem er í hlutastarfi að fara í 100% starf óháð aðstæðum. Undirbúningsvinna fyrir þing ASÍ. Farið

var yfir tillögur að kröfugerð SGS. Anna sagði frá fulltrúaráðsfundi AN sem haldinn var á Illugastöðum í september. Fjallað var um málefni Stapa lifeyrissjóðs. Fjallað var um fara þyrfti í sambærilegar framkvæmdir á þremur húsum félagsins á Illugastöðum eins og gert var fyrr á árinu í húsi nr. 15. Lagðar voru fram fundargerðir deilda frá 17. september sl. og fóru formenn þeirra eða varaformenn yfir fundargerðirnar. Farið var yfir niðurstöður um lagabreytingar eftir að þær voru kynntar á fimm félagsfundum og á stjórnarfundum deilda. Umræða varð um eftirlitsfulltrúa vegna vinnustaðaeftirlits og formanni falið að ræða við önnur félög um framhaldið.

Á fundi 19. nóvember var farið yfir hvernig þing ASÍ hefði tekist, en félagið átti 9 fulltrúa á þinginu. Björn fór yfir stöðuna í sambandi við kjarasamninga félagsins. Ákveðið var að fara í sambærilegar framkvæmdir á þremur húsum félagsins á Illugastöðum eins og gert var fyrr á árinu í húsi nr. 15. Samþykkt var erindi frá fjórum samtökum sem eru í samstarfi í að veita jólaaðstoð. Stjórnin samþykkti að veita styrk að upphæð kr. 900.000. Aftur var rætt um eftirlitsfulltrúa vegna vinnustaðaeftirlits og formanni falið að ganga til samninga við önnur félög um framhaldið. Rætt var um íbúð félagsins á Egilsstöðum. Samþykkt var að halda fundi í Svæðisráðunum í lok janúar og einnig var ákveðin dagsetning á aðalfundum deilda og aðalfundi félagsins. Lagt var fram samkomulag um matar- og kaffitíma hjá Akureyrarbæ frá 30. október sl. Samkomulagið gildir frá 1. júní 2015 þar til nýr kjarasamningur SNS og SGS tekur gildi. Sagt var frá að nokkrir bæjarfulltrúar hefðu fyrr þennan dag heimsótt félagið þar sem þau fengu kynningu á félaginu og starfsemi þess. Lagt var fram yfirlit yfir ferðir félagsins árið 2019.

17. desember kynntu Hanna Þórey Guðmundsdóttir og Tómas Bjarnason, ráðgjafar hjá Gallup, niðurstöður kjarakönnunar sem gerð var fyrir Einingu-Iðju og AFL starfsgreinafélag. Farið var yfir stöðuna sem uppi er varðandi kjarasamninga félagsins. Uppstillinganefnd félagsins frir starfsárið 2019 – 2020 var samþykkt. Farið var yfir fundargerðir stjórn Matvæla- og þjónustudeildar frá 30. nóvember sl. og Iðnaðar- og tækjadeildar frá 27. nóvember sl.

Á fundi 21. janúar var m.a lögð fram og samþykkt rekstraráætlun fyrir árið 2019. Farið var yfir stöðuna sem uppi er varðandi kjarasamninga félagsins. Lagt var fram félagatal frá því um áramótin. Fjallað um leiguverð orlofshúsa og ákvörðun tekin um leiguverð sumarsins. Skipað var í uppstillinganefnd ráða og nefnda fyrir aðalfund, þar á meðal á aðalfund Stapa. Einnig var skipað í nefnd til að fara yfir reglugerð sjúkrasjóðsins. Ákveðið var að halda starfsdag félagsins um miðjan september. Lögð var fram

kynning frá ASÍ um námskeiðið Ungir leiðtogar og samþykkt að senda tvo unga félagsmenn á það.

Á fundi 25. febrúar var m.a. farið yfir stöðuna varðandi kjarasamninga félagsins. Fjallað var um aðalfundi deildanna sem haldnir voru mánudaginn 11. febrúar sl. Sagt var frá að búið væri að ganga frá kaupum á nýrri sjúkraíbúð í Reykjavík. Fjallað var um starfsmannamál á fundinum.

Hermann Brynjarsson, endurskoðandi félagsins, kom á fund stjórnar 11. mars og kynnti reikninga fyrir síðasta ár. Stjórnin samþykkti reikningana og skrifaði undir þá. Á fundinum var einnig farið yfir dagskrá og gögn sem stjórnin mun leggja fram á aðalfundi félagsins þann 21. mars. Farið var yfir stöðuna varðandi kjarasamninga félagsins. Farið var yfir fundargerð stjórnar Matvæla- og þjónustudeildar frá 4. mars sl. Lagður var fram listi yfir tillögu nefndar yfir fulltrúa í ráð og nefndir sem kosnar eru á aðalfundi félagsins. Einnig var lögð fram tillaga að lista yfir fulltrúa félagsins á ársfund Stapa, en Eining-Iðja á rétt á að senda 41 fulltrúa á fundinn.

Aðalfundir starfsgreinadeilda



Aðalfundir starfsgreinadeilda Einingar-Iðju fóru fram 11. febrúar sl. í Alþýðuhúsinu á Akureyri. Góð mæting var á fundina sem tókust mjög vel Í upphafi var sameiginleg dagskrá þar sem Bragi Bergmann frá FREMRI almannatengsl fjallaði á skemmtilegan hátt um limrur og fjölbreytileika þeirra. Að því loknu hélt hver deild fyrir sig sinn hefðbundna aðalfund, þar sem fram fóru venjuleg aðalfundarstörf. Í ár var kosið í öllum deildum til tveggja ára um embætti formanns, ritara og þriggja meðstjórnanda. Einnig var kosið um einn meðstjórnanda til eins árs í Iðnaðar- og tækjadeildinni og í Matvæla- og þjónustudeildinni. Í Opinberu deildinni þyrfti einnig að kjósa varaformann til eins árs.

Fundir og ársfundir

Í maí var haldinn ársfundur Stapa, 5. þing ASÍ-UNG fór fram í september og í október fór fram 43. þing ASÍ. Eining-Iðja átti að sjálfsgöðu fulltrúa á þessum stöðum og verður hér á eftir farið í örstuttu máli yfir það helsta sem gerðist á þessum samkomum.

Ársfundur Stapa var haldinn 9. maí 2018 í Menningarhúsinu HOFI á Akureyri og átti félagið þar rétt á að senda 39 fulltrúa.

Mæting á fundinn var góð og fór hann vel fram. Á dagskrá fundarins voru hefðbundin ársfundarstörf. 39 fulltrúar frá Einingu-Iðju áttu rétt á setu á fundinum þar sem Huld Aðalbjarnardóttir, formaður stjórnar, fór yfir skýrslu stjórnar um starfsemi sjóðsins á árinu 2017. Þá fór Jóhann Steinar Jóhannsson, framkvæmdastjóri yfir ársreiknings sjóðsins og áritanir og tryggingastærðfræðingurinn Bjarni Guðmundsson gerði grein fyrir tryggingafræðilegri stöðu. Var ársreikningur sjóðsins samþykktur samhljóða að yfirferð lokinni.

Einnig kynntu Arne Vagn Olsen, fjárfestingarstjóri, og Jóna Finndís Jónsdóttir, áhættustjóri, fjárfestingar- og áhættustefnu sjóðsins. Á fundinum voru lagðar fram tillögur að breytingum á einstökum greinum samþykka sjóðsins og gerði Einar Ingimundarson, lögfræðingur, grein fyrir þeim. Allar breytingatillögur voru samþykktar samhljóða.

Á heimasíðunni www.stapi.is, má fá frekari upplýsingar um starfsemi sjóðsins.

5. þing ASÍ-UNG

Í september fór fram 5. þing ASÍ-UNG. Að þessu sinni var sérstaklega hugað að hlutverkum stéttarféлага hvað varðar yngra fólk á vinnumarkaði og hvaða áherslur sá hópur vill sjá í komandi kjarasamningum. Þrjú fulltrúar sátu þingið fyrir hönd Einingar-Iðju og voru tveir þeirra kosin í varastjórn ASÍ-UNG, þau Ólafur Ólafsson og Hafdís Erna Ásbjarnardóttir.

43. þing ASÍ

Í lok október fór fram 43. þing Alþýðusambands Íslands. Þingið, sem bar yfirskriftina Sterkari saman! stóð yfir í þrjú daga og var haldið á Hilton Reykjavík Nordica. Seturétt á þinginu áttu alls um 300 þingfulltrúar, þar af ný frá Einingu-Iðju. Fyrir þingið hafði ráfarandi forseti ASÍ, Gylfi Arnbjörnsson, lýst því yfir að hann ætlaði ekki að bjóða sig fram á ný, en hann var búinn að gegna embættinu frá því í október 2008. Drífa Snædal, framkvæmdastjóri Starfsgreinasambands Íslands, var kosin nýr forseti og er því fyrsta konan til að gegna því embætti í 102 ára sögu sambandsins.

Unnin var málefnavinna í hópum þar sem umfjöllunarefni voru: Húsnæðisöryggi, Tekjuskipting og jöfnuður, Heilbrigðisþjónusta og velferð, Tækniþróun og skipulag vinnunnar og Jafnvægi atvinnuþátttöku og einkalífs. Sex ályktanir og stefnur voru afgreiddar á þinginu. Ályktun um kvennafrí, stefna um tekjuskiptingu og jöfnuð, stefna um húsnæðismál, stefna um heilbrigðisþjónustu og velferðarkerfið, stefna um jafnvægi atvinnuþátttöku

og einkalífs og stefna um tækniþróun og skipulag vinnunnar fóru í gegnum umræðu á þinginu og voru að því loknu afgreiddar.

Miklar breytingar urðu á miðstjórn ASÍ sem kjörin var til næstu tveggja ára, en einungis fjórir af 12 meðlimum hennar sitja áfram í henni. Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-Iðju og SGS, var kjörinn til áframhaldandi setu í miðstjórn. Í fyrsta sinn er jafnt kynjahlutfall í miðstjórn en í henni sitja nú sex karlar og sex konur.

Framkvæmdir hjá félaginu

Á starfsárinu þurfti að fara í framkvæmdir í húsi félagsins nr. 15 á Illugastöðum. Skipt var um einangrun í gólfi, en til að það væri hægt þurfti að tæma húsið og rífa upp allt gólfið. Ný einangrun, nýjar plötur og nýtt gólfefni var sett í staðin. Hægt var að nota sömu innréttingar í stofu og eldhúsi. Jafnframt var ákveðið að endurnýja baðherbergið þar sem m.a. voru settar flísar á gólf og vegg, ný innrétting og ný sturta. Nú er verið að lagfæra 3 hús félagsins á sama hátt.



Ennfremur var farið í almennt viðhald, í öðrum orlofshúsum og íbúðum, þar sem alltaf er þörf endurbóta.

Viðhorfskönnun

Á heimasíðu félagsins má finna niðurstöður í umfangsmikilli viðhorfskönnun sem gerð var á meðal félagsmanna sl. haust. Eins og undanfarin ár sá Gallup um framkvæmd könnunarinnar, en hún var gerð í samstarfi við AFL starfsgreinafélag á austurlandi og voru notaðar eins spurningar í könnunum beggja félaganna.

Þetta var í áttunda sinn sem félagið lætur gera könnun sem þessa og nú þegar er búið að ákveða að slík könnun verði framkvæmd í samstarfi við AFL næsta haust.

Vissir þú að félagsmenn geta sótt um styrk ef farið er á námskeið eða ef vinna er stunduð með styrkhæfu námi.

Ert þú félagi í Einingu-Iðju?
Átt þú rétt á styrk?
Hafðu samband og kannaðu málið!

ATH! Þessi unga dama er of ung til að vera félagsmáður.



EINING-IÐJA STENDUR VÖRÐ UM RÉTTINDI ÞÍN!

460 3600 / ein@ein.is / www.ein.is
Skipagötu 14 Akureyri / Hafnarbraut 5 Dalvík / Eyrargötu 24b Fjallabyggð

ÞESSI DAMA ER REYNDAR EKKI
FÉLAGSMAÐUR OG ER EKKI
HELDUR MEÐ BÍLPRÓFI!



Hvað með þig?
Ert þú félagi í Einingu-Iðju?
Átt þú rétt á bílprófsstyrk?
Hafðu samband og kannaðu málið!




EINING-IÐJA STENDUR VÖRÐ UM RÉTTINDI ÞÍN!

460 3600 / ein@ein.is / www.ein.is
Skipagötu 14 Akureyri / Hafnarbraut 5 Dalvík / Eyrargötu 24b Fjallabyggð

Viltu eignast bókina *Til starfs og stórra sigra?*

Hægt er að kaupa eintak af þessu glæsilega riti á skrifstofum félagsins.



Jón Hjaltason

**Til starfs
og stórra sigra**

Saga Einingar-Iðju 1906-2004

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og félagsmanna í Einingu-löju

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Einingar-löju fyrir árið 2018. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstremisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2018, efnahag þess 31. desember 2018 og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við lög um ársreikninga.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda hér að neðan. Við erum óháð Einingu-löju í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Einingar-löju. Ef við á skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna var ákveðið að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissa er mikil vissa, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

